# *Nr. 22-075 S 051 Óskráður skemmtibátur*

## *Vélarvana*



*Skipaskr.nr.* SKB025
*Smíðaður:* Humber Pro Ocean RIB
*Mesta lengd:* 6.5 m
*Breidd:* *Dýpt:*
*Vél:* Utanborðsmótor ZUZUKI 200 Hp
*Fjöldi skipverja* 1
*Fjöldi farþega* 9

Fjöldi
***Gögn:***
*Gögn RNSA*
*Gögn LHG*

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. janúar 2023 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma K. Jónssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 3. september 2022 kl. 18 var skemmtibáturinn SKB025 á siglingu norðan við Viðey. Veður: Gott veður og gott skyggni í upphafi ferðarinnar en skall skyndilega á með svarta þoku.

Utanborðsmótor bátsins stöðvaðist og ekki tókst að gangsetja hann að nýju. Stjórnandi bátsins kallaði eftir aðstoð og kom Amelía Rose að bátnum og tók hann í tog. Fljótlega komu björgunarskipin Stefnir og Sjöfn á staðinn og tók það fyrrnefnda við drætti bátsins en hitt tók farþegana. Skemmtibáturinn var dreginn og farþegum siglt inn í Snarfarahöfn.

### *Við rannsókn kom eftirfarandi fram:*

- Um borð voru níu farþegar auk stjórnanda og voru allir í björgunarvestum.
- Við skoðum rannsakenda kom í ljós að ekkert eldsneyti var á bátnum.
- Eldsneytismælirinn sýndi 37% við upphaf ferðar samkvæmt stjórnanda bátsins en mælirinn reyndist bilaður.

### *Nefndarálit:*
Orsök atviksins var sú að báturinn varð bensínlaus.